



Til allra sveitarfélaga

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 28. júní 2021
Tilv.: SRN19090019/4.6

Í leiðbeiningum samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins frá 23. júní sl., tók ráðuneytið til formlegrar umfjöllunar á grundvelli 112. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, innheimtu Reykjavíkurborgar á dráttarvöxtum vegna fasteignaskatta, í þeim tilvikum frá því að skuldari þeirra hefur sótt um greiðsluaðlögun hjá umboðsmanni skuldara og þar til umboðsmaður hefur tekið afstöðu til umsóknarinnar. Samkvæmt 11. gr. laga um greiðsluaðlögun einstaklinga, nr. 101/2010, er kröfuhöfum óheimilt að taka við greiðslum á kröfum sínum á því tímabili (greiðsluskjól).

Tildrög málsins voru þau að með dómi Hæstaréttar, frá 8. mars 2018 í máli nr. 159/2017, var komist að þeirri niðurstöðu að kröfuhöfum væri ekki heimilt að reikna dráttarvexti á almennar kröfur á umræddu tímabili, en ráðuneytinu barst ábending um að Reykjavíkurborg og mögulega önnur sveitarfélög töldu að önnur sjónarmið kynnu að eiga við um kröfur um fasteignagjöld.

Í leiðbeiningum ráðuneytisins er komist að þeirri niðurstöðu að sveitarfélögum er ekki heimilt að reikna dráttarvexti á kröfur um fasteignaskatta á því tímabili sem skuldari þeirra er í greiðsluskjóli og þau sérsjónarmið sem eiga við um fasteignaskatta breyta engu þar um. Í álitinu er einnig reifað að hafi sveitarfélag innheimt dráttarvexti af einstaklingi í greiðsluskjóli skal það eiga frumkvæði að því að greiða oftekið fé til baka, á grundvelli 8. gr. laga um innheimtu opinberra gjalda, nr. 150/2019.

Vegna þessa fer ráðuneytið fram á að sveitarfélagið sendi ráðuneytinu eftirfarandi upplýsingar:

- hvort innheimtir hafi verið dráttarvextir hjá þeim aðilum sem eru eða hafa verið í greiðsluskjóli á grundvelli laga um um greiðsluaðlögun einstaklinga, og,
- hafi svo verið, hvort meðferð málsins í kjölfarið hafi verið í samræmi við 8. gr. laga nr. 150/2019

Bréf þetta er sent til allra sveitarfélaga og er þess óskað að umbeðnar upplýsingar berist ráðuneytinu með rafrænum hætti í netfangið srn@srn.is, eigi síðar en miðvikudaginn 4. ágúst n.k. Að fengnum þeim upplýsingum verður lagt mat á hvort tilefni er til að taka stjórnsýslu einstakra sveitarfélaga til formlegrar umfjöllunar, sbr. 109. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fyrir hönd ráðherra

Guðni Geir Einarsson

Björn Ingi Óskarsson

Skjal sótt af '000000000000' dags: 25.03 2026